

**Fylgiskjal með umsókn um starfsleyfis til vinnslu brotamálma fyrir starfsemi Hringrásar á Akureyri, Ægisnesi 1. með tilvísun til laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br., 6.gr, reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br., reglugerðar 550/2018 um losun frá iðnaði og mengunarvarnareftirlit m.s.br., reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi m.s.br. og reglugerð 303/2008 um úrvinnslu ökutækja.**

a. Stöðinni og starfsemi hennar.

**Forsaga:**

Hringrás hefur gilt starfleyfi fyrir móttöku spilliefna og annars úrgangs á Akureyri. Í dag er í gildi starfsleyfi fyrir Hringrás á nafni GMR 2 ehf. Nafni GMR 2 ehf. hefur verið breytt í Hringrás hf og er á sömu kennitölu, 510613-1390. Nú hefur fyrirtækið ákveðið að hætta móttöku á spilliefnum. Á Akureyri veður móttaka á brotamálmum og bílflökum. Núgildandi starfleyf er gefið út af Umhverfisstofnun, en þar sem móttöku á spilliefnum er hætt er sótt um útgáfu á nýju starfsleyfi til heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra.

Samkvæmt gildandi starfsleyfi hefur fyrirtækið leyfi til þess að taka við allt að 3900 tonnum af úrgangi á ári til meðhöndlunar. Farið er fram á að starfsleyfið verði gefið út fyrir allat að 4600 tonnum á ári. Skiptingin er eftirfarandi:

Umfang starfseminnar

- a) 4000 tonn af brotajárni, þ.m.t. úr sér gengin ökutæki sem innihalda vökva eða önnur hættuleg efni, málmum og raftækjum (í dag eru þessi efni samtals um 3200 tonn).
- b) 600 tonn af hjólbörðum (er um 500 tonn í dag).

Magni úrgangs sem geymdur er á athafnasvæði rekstraraðila er haldið í lágmarki og er tryggt að magnið sé aldrei verða svo mikið að hætta skapist. Magn dekkja fer ekki yfir 300 m<sup>3</sup> hverju sinni í hverju eldhólfi á athafnasvæðinu. 3 efni sem getur innhaldið allt að 10% brennanlegt efni verður að hámarki um 2500 tonn í hverju eldhólfi.

Samkvæmt Aðalskipulagi, 2005-2018, er svæði merkt sem athafnasvæði og samkvæmt gildandi deiliskipulagi, samþykkt 24.júlí 2009. er lóðin merkt sem athafnasvæði í samræmi við skilgreiningu í Aðalskipulagi.

Mikið efni á á lóðinni. Útskipun á Akureyri er áætluð í lok janúar 2020 og önnur í lok mars 2020. Í framhaldi af útskipum verða settir upp nýir vinnsluferlar til þess að koma í veg fyrir of mikla efnissöfnun.

Meðfylgjandi er uppráttur af svæðin, þar sem afstaða helstu efnisflokka er sýnd.

b. hráefnum og hjálparefnum, öðrum efnum og þeirri orku sem er notuð eða framleidd í stöðinni.

Unnið verður í samræmi við stefnu stjórnvalda hvað varðar aukna endurnýtingu úrgangsefna. Hringrás mun markvist vinna að nýtingu úrgangs. Þar sem endurvinnsla eða endurnýtingarmöguleiki er fyrir hendi verður úrgangi komið til skila í slíka vinnslu ef kostur er. Að öllu leyti verður farið að þeim lögum og reglugerðum sem í gildi eru um starfsemi sem þessa.

Tekið er á móti öllum gerðum af brotamálum, þeir flokkaðir og forunnir og komið í endurvinnslu.

Ekki þarf að nota nein hjálparefni við þessa vinnslu, önnur en olíu og viðhaldsefni fyrir vinnslutæki.

Orkan sem notuð er á svæðinu er eldsneyti fyrir tækjabúnað, raforka og heitt vatn.

c. Upptökum losunar í stöðinni,

Hér í töflunni er stiklað á helstu mengunarvöldum sem eru á svæðinu og hugsanlegum áhrifum á losun út í umhverfið.

<b>Efni</b>	<b>Hugsanleg losun</b>	<b>Afleiðingar losunar</b>	<b>Mengunarvarnir/ Athugasemdir</b>
Ýmiss létt efni	Fok	Fyrst og fremst sjónræn mengun.	Um er að ræða efnis sem geta fylgt efni sem skilað er á lóðina. Slíkt efni er strax flokka í gáma og sent í viðeigandi meðhöndlun. Einnig er lóðin afgirt svo að efni á ekki að fjúka út fyrir lóðina.
Ýmiss rokgjörn efni	lykt	Lyktarmengun, óþægindi fyrir nágranna	Óveruleg lyktarmengun fylgir starfseminni. Unnið er innadyra við meðhöndlun bílflaka.
Rafgeymar/geymasýra	Í jarðveg, í frárennsliskerfi	Mengaður jarðvegur, mengað frárennsli	Unnið er með flökin innandyra. Geymunum er staflað í plastker sem sett eru í lokaðan gám.
Vökvar af bílflökum	Í jarðveg, í frárennsliskerfi	Mengaður jarðvegur, mengað frárennsli	Unnið er með flökin innandyra. Vökvunum er tappað af í lokuð ílát sem eru staðsett á lekabyttu.
Mengað afrennslisvatn	afrennsli af plönum	Olífugildir eru á öllu	Öll vinnsla er á lokuðu yfirborði. Afrennslisvatn

		afrennslisvatni.	fer í gegnum olúgildru áður en því er veitt í fráveitukerfi Akureyrarbæjar.
--	--	------------------	---

Mengunarhætta er lítil þar sem allt yfirborðsvatn fer í gegnum olúgildru.

#### d. Staðhættir á vinnustað

Móttaka allra efna á svæðinu fer fram við innganginn á svæðið. Allt efni sem kemur inn á svæðið og fer út af því er skráð í móttöku- og birgðabókhald Hringrásar. Skemma er á lóðinni þar sem fram fer hreinsun á bílflökum. Einnig er starfamannaaðstaða á svæðinu. Sjá nánar á meðfylgjandi teikningu af svæðinu. Færanleg pressa er notuð til þess að pressa m.a. bílflök. Einnig verðu notaður færanlegur búnaður til þess að hreinsa vökva af bílflökum.

#### e. Grunnástand lóðar.

Engin önnur starfsemi hefur verið á þessari lóð. Engi mengunaróhöpp hafa verið skráð og því ekki talin ástæða til að meta sérstaklega grunnástand lóðarinnar.

#### f. Eðli og magni fyrirsjáanlegrar losunar frá stöðinni út í hvern hluta umhverfisins, svo og tilgreining á umtalsverðum áhrifum losunarinnar á umhverfið.

Allt athafnasvæðið er lagt bundnu yfirborðslagi, steypu og/eða malbiki. Búnaðar og ídræg efni til hreinsunar á spilliefnum verður til reiðu. Allt frárennslisvatni af svæðinu er leitt í gegnum olúgildru (sambyggð sand og olúgildra) sem er í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Rafgeymar sem tekið er á móti verða settir í vatnsheld plastkór strax við móttöku. Allir vökvar sem tappað er af bílhræjum verða geymdir í lokuðum ílátum og tryggt að slík efni safnist ekki upp í óeðlilegu magni á svæðinu.

Jafnframt mun Hringrás leitast við að draga úr hávaða frá starfseminni og fara að mörkum í samræmi við kvaðir í gildandi reglugerð.

Eina loftmengunin sem stafar af starfseminni er vegna olúbrennslu á vinnslutækjum. Engin umtalsverð mengun fylgir starfseminni.

#### g. Áformaðri tækni og aðferðum til að koma í veg fyrir mengun eða losun frá stöðinni

Hringrás mun kappkosta að draga sem mest úr því álagi sem starfsemin veldur. Allt efni sem til fellur á athafnasvæðinu er skráð í bókhald fyrirtækisins. Allt yfirborðsvatn fer í gegnum olúgildru. Öll spilliefni sem flutt eru til eyðingar eru einnig skráð, svo og tæmingar og eftirlit með olúgildrum.

Leitast verður við að hafa athafnasvæði Hringrásar snyrtilegt. Það er girt af með öryggisgirðingu. Farið verður þannig með allan úrgang, að tryggt sé að hann valdi hvergi óþrífnaði eða ónæði utan athafnasvæðisins, svo sem með foki, ryki, ólykt eða hávaða. Þegar er unnið í samræmi við gildandi starfsleyfiskröfur og allar mengunarvarnir eru til staðar. Allt frárennsli sem að fer af svæðinu rennur í gegnum olúgildir, en tvær slíkar eru á svæðinu, 10 m<sup>3</sup>. 3 m<sup>3</sup> sandföng eru við báðar gildir.

h. fyrirbyggjandi ráðstafanir, undirbúningur fyrir endurnotkun, endurvinnslu og endurheimt úrgangs sem myndast í stöðinni.

Öll vinnsla í stöðinni gengur út á að flokka úrganga sem í hana kemur til endurvinnslu. Við vinnsluna fellur alltaf til töluvert af öðrum úrgangi en brotamálmum. Þessi úrgangur er að uppstöðu dekk, timbur, plast og svo spilliefni sem tengjast móttöku bílhræja. Ekki er hægt að segja til um hvert magna þessa úrgangs er, en markmið rekstraraðila er að halda þessum úrgangi í lagmarki og tryggja að af honum stafi ekki mengunarhætta.

i. frekari ráðstöfunum sem eru ráðgerðar til að fara að almennu meginreglunum um grundvallarskyldur rekstraraðila sem kveðið er á um í 11. gr.,

Allur reksturinn er í samræmi við viðteknar venjur í þessari atvinnugrein og kalla ekki á frekari kröfur vegna umhverfisgæða.

j. ráðstöfunum, sem eru ráðgerðar til að vakta losun út í umhverfið,

Hringrás mun hafa reglulegt eftirlit með umhverfis og rekstrarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið, og munu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

Hringrás hefur útbúið viðbragðsáætlanir til þess að taka á hugsanlegri hættu vegna bráðamengunar. Tryggt er að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eiginleikum þeirra efna og hættu við meðferð þeirra efna sem það vinnur með og eru upplýsingar þar að lútandi tiltækar. Hringrás færir grænt bókhald. Til er neyðaráætlun um meðhöndlun úrgangs á þjónustusvæði Hringrásar til að fara eftir, ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri móttökustöðvarinnar.